

Ed.

§95. Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Háttv. neðri deild hefir í nokkrum atriðum breytt þessu frumv. og það þá þannig, að setja inn aftur tvo liði, sem felldir voru í háttv. efri deild við meðferð málsins þar, nfl. fjárveitinguna til Fossvallasmjörbúsins og heimildina til að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af heimsendu kjöti. Auk þess hefir háttv. neðri deild lagt til að Skúla Thoroddsen sjeu greiddar 1200 kr. eitt skifti fyrir öll auk hinna hækkuðu eftirlauna. Nefndin leyfir sjer að gera þrjár brtt. við frumv. þetta á sjerstöku þingskjali og lætur uppi þetta álit sitt um þær:

1.

Kennarinn í klassiskum fræðum við háskólann sendi nefndinni erindi þess efnis, að hann vanti bækur til þess að geta haldið uppi kenslu í þessum fræðum. Nefndin sendi Stjórnarráðinu brjef þetta til umsagnar og þar sem það telur óhjákvæmlegt, að fje verði veitt til bókakaupa í þessum fræðum, þá getur nefndin fallist á það og leggur til að veittar sjeu 500 kr. í því skyni.

2.

Ráðherrann sendi nefndinni brjef, þar sem hann skýrir frá því að mjög mikilsvert sje að hinn fyrirhugaði vjelstjóraskóli geti komist á fót og tekið til starfa strax 1. okt. næstk., þar sem annars yrði að liða heilt ár áður en kensla gæti byrjað við skóla þenna. En tilfinnanleg vöntun er á vjelstjóraefnum hjer á landi og hafa þegar borist umsóknir frá ýmsum um það, hvort þeir ekki geti fengið aðgöngu að fyrstu deild vjelstjóraskólans þegar á næsta hausti. Af þessum ástæðum mælist hann til þess við nefndina, að hún leggi til að veitt verði fje til skóla þessa á tjáráukalögunum og finst nefndinni sjálfsagt að verða við þeim tilmælum.

3.

Þá leggur nefndin enn til að háttv. deild felli burtu heimildina til endurgreiðslu á vörutolli til Sláturfjelags Suðurlands. Telur hún það enn sem fyr rangt að endurgreiða þessu einstaka fjelagi vörutoll og ilt til eftirbreytni. Vísar að öðru leyti til fyrri ummæla um þetta bæði í nefndaráliti og framsögu.

Alþingi 9. sept. 1915.

Karl Einarsson,
form.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsm.

Björn Þorláksson.

Jósef Björnsson.

Sigurður Stefánsson.